

» Par fyrir utan þarf hann að sanna sig fyrir lafði Maríon og heyja ofan í kýrmar 52



Hreinleiki Listakonan Halla Har sýnir í Listasal Garðabæjar.

## Halla Har sýnir í Garðabæ

Olíumálverk og glerverk í Listasalnum

Í dag kl. 14 opnar Halla Har myndlistarsýningu í Listasal Garðabæjar á Garðatorgi 7. Á sýningunni, sem stendur til 1. júní, eru tólf olíumálverk og glerverk.

Halla á að baki langan feril sem gler- og myndlistakona. Verk hennar hennar má sjá á mörgum opinberum stöðum, t.d. mósaikverkið Sundmaðurinn í sundmiðstöð Reykjanesbæjar, glerverk í Deutsches Glasmalerei-Museum Linnich, Þýskalandi, skúlptúr í Menningarsetri Dalvíkurbyggðar og svo má áfram telja.

Olíuverkin sem sýnd verða eru öll ný og hefur það verið markmið Höllu að breyta um stíl og feta nýjar slóðir á þessari sýningu. Verkin hafa verið máluð með nýrri nálgun þar sem hreinleiki lita og forma fær að njóta sín.

## Tónlist Söngfuglar í Grundarfirði

Söngfuglar, kór aldraðra í Reykjavík, leggja land undir fót og halda tónleika Grundarfjarðarkirkju í dag kl. 16.

Á efnisskránni eru þekkt kórlög eins og Fanna skautar faldi háum, Sól rís, sól sest, Þú fagra blómið blóma, Kvæðið um fuglana og svo má telja. Einsöngvari verður Sveinn Pálsson.

Kór félagsstarfs aldraðra í Reykjavík hefur verið starfræktur allengi, en hann tók upp nafnið Söngfuglar fyrir rétt rúmum áratug. Stjórnandi kórsins er eins og undanfarið Margrét Sigurðardóttir söngkona. Aðgangur að tónleikunum er ókeypis.



Margrét Sigurðardóttir

## Myndlist Annað auga á Kjarvalsstöðum

Í dag kl. 17 verður opnuð á Kjarvalsstöðum sýningin *Annað auga – Ljósmyndaverk úr safneign Péturs Arasonar og Rögnu Róbertsdóttur*. Sýningarstjóri er Birta Guðjónsdóttir, sem valdi sextíu verk úr safneign Péturs og Rögnu. Við valið kaus hún að leggja áherslu á að gera skil íslenskum myndlistarmönnum sem nota ljósmyndir í verkum sínum og skoða verk þeirra í sambengi við ljósmyndaverk í samtímalistum. Sýningin er á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík. Sunnudaginn 23. maí kl. 15 munu Birta Guðjónsdóttir og Einar Falur Ingólfsson ræða við Pétur Arason og gesti um sýninguna.



Pétur Arason

## Myndlist Torstrasse 111 í Kling & Bang

Í dag kl. 18 opna listamennirnir Maria Dembek og Robin McAulay sýninguna *111* í Kling & Bang galleríi. Maria Dembek er pólskur ljósmyndari og Robin McAulay er breskur ljósmyndari. Sýninguna vinna þau í sameiningu með lífs- og starfsumhverfi fjölmargra samtímalistamanna með aðsetur að Torstrasse 111 í Austur-Berlín fyrirverandi sem viðfangsefnið.

Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík 2010 og stendur til 13. júní. Kling & Bang gallerí, Hverfisgötu 42, er opið fimmtudaga til sunnudaga frá kl. 14-18.



Brot úr verki Dembek og McAulay.

Carmina syngur í Kristskirkju

## Tilfinningaboginn spenntur

Árni Matthíasson  
arnim@mbl.is

Kammerkórinn Carmina heldur tónleika í dag og á morgun í Kristskirkju, Landakoti. Tónleikarnir, sem hefjast kl. 16 báða dagana, eru liður í Listahátíð í Reykjavík og á efnisskránni nokkrar helstu perlor endurreisnartónlistarinnar, Maríu-söngvar eftir Josquin des Prez, Morales, Victoria og Dunstable, auk söngva úr íslensku handriti frá því um 1500. Þá verða flutt tvö verk við harmljóð Jeremía.

Kammerkórinn Carmina sérhæfir sig í flutningi á tónlist endurreisnartímans. Stofnandi Carminu og stjórnandi á tónleikunum er Árni Heimir Ingólfsson, en meðlimir hópsins koma víða að, eru ýmist búsettir á Íslandi eða ytra.

Árni Heimir segir að víst sé stef tónleikanna tónlist sem samin hafi verið Maríu til heiðurs frá endurreisninni, en ekki eingöngu þó: „Maríutónlist er ávallt auðmjúk og blíð, þannig að við brjótum dagskrána aðeins upp og tókum tvö verk sem byggjast á harmljóðum Jeremía, en í þeim er tilfinningaboginn spenntur til fulls.“

Að þessu sögðu segir Ári Heimir þá að ekki megi skilja orð hans svo að

### Carmina

» Geisladiskurinn *Melódía* með Carmina hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin.

» Auk tónleikanna nú kemur kórinn fram á tónlistarhátíðinni *Við Djúpið á Ísafirði* í júní, og á *Wege Durch das Land* í Þýskalandi í júlí.

» Væntanlegur er nýr hljómdiskur með lögum úr handritinu *Hymnodia sacra*, sem ritað var árið 1742.

Maríuverkin séu keimlík. „Það er vissulega hætt á því að verkin hljómi mjög svipað ef flytjandinn gætir ekki að sér en við höfum lagt hart að okkur að ná fram sérstöðu hvers verks og meðal annars legið yfir textunum til að fanga merkinguna sem best og ná að krydda flutninginn.“

Engin erlend fyrirmynd fundin

Á undanförunum árum hefur Carmina einbeitt sér að því að flytja og hljóðrita tónlist úr íslenskum nútíðarandritum sem lengi höfðu leg-



Carmina Sérhæfir sig í flutningi á tónlist endurreisnartímans.

ið í gleymsku. Tvö verkanna sem flutt verða eru úr íslenskum tónlistarandritum, annars vegar AM 687b 4to sem ritað var um 1500, hins vegar úr *Melódíu*, íslensku tónlistarandriti frá 17. öld, en höfundar söngvanna eru ekki þekktir.

Aðspurður hvort hægt sé að slá því föstu hvort höfundarnir séu ís-

lenskir svarar Árni Heimir því svo: „Í handritunum er tónlist af evrópskum meiddi og megnið af henni komið frá meginlandi Evrópu. Þessi tvö verk eru aftur á móti í hópi þeirra þar sem engin erlend fyrirmynd hefur fundist. Það þarf ekki þýða að þau séu ekki erlend, en gefur þeim þó sérstöðu þar til annað kemur í ljós.“

Friederike von Rauch sýnir í Hafnarborg

## Staðir sem eru ekki staðir

Þýska listakonan Friederike von Rauch opnar sýningu í Hafnarborg á morgun kl. 15. Hún sýnir þar myndir frá ýmsum stöðum sem eiga allar sameiginlegan grunntón að hún lýsir því.

Sumar myndanna tók von Rauch á Íslandi þegar hún dvaldi á listamannasetrinu Bæ í Skagafirði, aðrar í Berlín og enn aðrar í Belgíu. Tvær myndanna eru mjög stórar og vill svo til að það eru einmitt myndir sem teknar voru fyrir norðan.

Friederike von Rauch var hér um sumar, í júlí og fram í ágúst, og segist hafa hrifist svo af birtunni á þeim tíma að hún hafi átt erfitt með svefn, verið uppfull af orku og tekið myndir langt fram á nótt. „Ég fékk ágæta blöndu af skýjuðum dögum og björtum. Næturbirtan heillaði mig mest, hún var svo mjúk og gríðarlega falleg.“

Von Rauch kallar sýninguna *Staðir* eða *Sites* enda eru allar myndirnar af stöðum og arkitektúr, án þess þó að vera beinlínis



Morgunblaðið/Ernir

Staðir Þýska listakonan Friederike von Rauch opnar sýningu í Hafnarborg

myndir af tilteknum stað eða mannvirki; „ég er ekki að skrásetja staði, þetta eru myndir af andrúmlofti“, segir hún. Hún hefur unnið að þessu verkefni síðasta áratug og er enn að vinna í því.

Sýningin í Hafnarborg er því svipmynd af verki í mótun og sett saman sérstaklega fyrir einmitt það rými.

Sýning Friederike von Rauch er á dagskrá Listahátíðar.



Ljósmynd/Pétur Thomsen yngri

## Thomsen & Thomsen

*Thomsen & Thomsen* heitir sýning sem opnuð verður í dag kl. 14 í Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Á henni eru portrett- og umhverfismyndir frá Reykjavíkursvæðinu eftir Pétur Thomsen eldri (1910–1988) og sonarson hans, Pétur Thomsen yngri (1973). Pétur yngri valdi umhverfis- og portrettmyndir úr safni afa síns og kallast á við þær í verkum sínum. Pétur eldri starfaði sem ljósmyndari

frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar og fram á 8. áratuginn. Myndir hans gefa innsýn í veröld reykviskra fjölskyldna á 6. og 7. áratug síðustu aldar en myndir Péturs yngri sýna veröld fjölskyldunnar á árunum 2008–2010, tíma breytinga þar sem viðhorfið í garð hins manngerða í landslagi hefur einkenst af nokkurri spennu og ris og hnig samfélagsins sett sinn svip á mannfólkið.